

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.**

1. gr.

Við 21. gr. staflíð a) bætist eftirfarandi setning. Árið 1985 skal fjárhæð láns vegna náms á Íslandi fylgja þróun meðaltals ráðstöfunartekna skv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar frá 1. janúar til 31. desember 1985.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.*Árni Gunnarsson.*

20. desember 1984

BÆJANÖFN O. FL.

Nr. 501

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum og nafnbreytingum á árinu 1984:

Hafnarfjörður:

Hraunborg á loðdýrabúi í landi Óttarsstaða, Hafnarfirði.

Kjósarsýsla:

Árvellir á smábýli í landi Skrauthóla, Kjalarneshreppi.

Enni á smábýli (loðdýrabúi) í landi Móa, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Tunguhlíð á garðyrkjubýli í landi Deildartungu I, Reykholtisdalshreppi.

Dalasýsla:

Magnússkógar II á nýbýli í landi Magnússkóga, Hvammshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Ytri-Brekkur II á nýbýli í landi Ytri-Brekkna — Akrahreppi.

Lautarhús I á þjónustubýli í landi Hóla, Hólahreppi.

Lautarhús II á þjónustubýli í landi Hóla, Hólahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Eyrarvík á iðnaðarbýli í landi Dagverðareyrar, Glæsibæjarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Hellur á þjónustubýli í landi Sílalækjar, Aðaldælahreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Ártunga á fiskræktarbýli í landi Krossdals og Árdals í Kelduneshreppi.